

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 25. október 2023

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál á 154. löggjafarþingi.

Bændasamtökin vilja leggja áherslu á mikilvægi greiðra samgangna á landsbyggðinni til hagsbóta fyrir atvinnurekendur í landbúnaði. Lífsgæði og velmegun í öllum landshlutum eru háð góðum samgöngum. Þjóðvegakerfið er megingtinging samfélaga innan landshluta og milli þeirra. Til að landbúnaður geti þrífist sem atvinnugrein er nauðsynlegt að viðhalda góðum vegakerfum í dreifbýlli svæðum, sérstaklega þar sem enn eru malarvegir, enda stuðlar það að aukinni hvatningu til búsetu, auðveldar atvinnurekstur og flutning til og frá býlum. Stuðlar slíkt þá einnig að aukinni jöfnun aðstöðumunar, hvað varðar atvinnutækifæri, þjónustu og fleira, óháð búsetu.

Mikilvægt er þó að hafa í huga eftirfarandi orð úr Landsskipulagsstefnu 2015-2026: „*gætt verði að hagkvæmni varðandi samgöngur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar.*“

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur.